

Skuldir :

1. Skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útg. 24/11 1952 (1. veðr.) LSR 2869	kr.	42 768.00
2. Eignir umfram skuldir	—	2 717 859.92
	Kr.	2 760 627.92

Tekjur :

1. Húsaleiga:		
a) stærri íbúðin	kr.	117 500.00
b) minni íbúðin	—	79 000.00
	kr.	196 500.00
2. Andvirði seldrar eldavélar	—	19 000.00
3. Vaxtatekjur	—	101 580.00
	Kr.	317 080.00

Gjöld :

1. Fasteignagjöld	kr.	39 316.00
2. Vaxtagreiðslur	—	7 360.00
3. Auglýsingakostnaður vegna samkeppnisverkefnis	—	29 005.00
4. Tekjur umfram gjöld	—	241 399.00
	Kr.	317 080.00

Menntamálaráðuneytið, 12. janúar 1976.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Reikningur þessi hefur verið endurskoðaður og reynst réttur.

Reykjavík, 13. jan. 1976.

f. h. Ríkisendurskoðunarinnar

Kristján Einarsson.

30. janúar 1976.

Nr. 30.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 5% frá 1. janúar 1976 frá því sem þær voru í desember 1975.

Tekjutrygging (upphót á lífeyri) samkvæmt 19. gr. og greiðslur samkv. 73. gr. skulu einnig hækka um 5% frá sama tíma.

2. gr.
Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.